

VERKEFNI

SÓTT UM VERND Í ÓKUNNUGU LANDI

Í æfingunni setja þátttakendur sig í spor flóttafólks og sækja um vernd í ókunnugu landi.

MARKMIÐ

1. Að nemendur fá innsýn í veruleika flóttafólks.
2. Að nemendur velti fyrir sér eigin réttindum í samanburði við réttindi annarra.
3. Að nemendur læri að skynja mun á ólíkum aðstæðum einstaklinga, jafnrétti, forréttindum og mismunun (Aðalnámskrá grunnskóla 2011).

LENGD

15-20 MÍNÚTUR

ALDUR

13+

UNDIRBÚNINGUR

- Eintök af umsókn um vernd á tyrknesku fyrir alla nemendur
- Nokkrir pennar svo þörf sé á að deila

ÞETTA VERKEFNI ER Í EINU SKREFI:

1. Alþjóðleg vernd – umsóknarferlið (15-20 mínútur)

SKREF 1: ALÞJÓÐLEG VERND - UMSÓKNARFERLIÐ

Allir (10 mínútur)

- Þegar nemendur koma inn í kennslustofuna er þeim hvorki heilsað né þeir virtir viðlits.
- Nokkrum mínútum eftir að kennslustund á að hefjast er umsóknum um vernd dreift til nemenda og þeim sagt að þeir hafi fimm mínútur til að fylla blaðið út. Hægt er að segja þetta á hvaða tungumáli sem er:

Íslenska: Þið hafið fimm mínútur til að fylla út umsóknina.

Enska: You have five minutes to fill out this form.

Tyrkneska: Formu doldurmak için beş dakikanız vardır.

Ekkert frekar er sagt við þátttakendur á þessum tímapunkti. Spurningar og mótmæli eru hunsuð.

Fáir þátttakendur koma til með að skilja eitthvað í umsókninni vegna tungumálaerfiðleika. Ef snjallsímar, spjaldtölvur eða fartölvur eru nýttar í kennslu er ekkert sem mælir á móti því að slík tæki séu notuð við útfyllingu umsóknarinnar.

- Heilsað þeim sem mæta seint stuttaralega (t.d. „Er einhver ástæða fyrir því af hverju þú ert sein/n/t? Þú hefur aðeins __ mínútur til að fylla þetta blað út.“).

Flestir munu átta sig á að um leik er að ræða en þó gætu einhverjir orðið stressaðir eða reiðir.

- Að fimm mínútum liðnum er umsóknunum safnað saman án þess að brosað sé til þátttakenda. Forðist einnig augnsamband.
- Veldu umsókn af handahófi og biðdu viðkomandi um að stíga fram. Skoðaðu umsóknina og segðu eftirfarandi, „Ég sé að þú hefur svarað þessari spurningu neitandi. Þér er neitað um vernd.“ Endurtakið þetta nokkrum sinnum.
- Nú er komið að því að stíga út úr hlutverkinu og ræða við þátttakendur um upplifun þeirra.

Ígrundun (10 mínútur)

- Eftir þessa æfingu er líklegt að umræða skapist og því er nauðsynlegt að ræða hana við nemendur. Ræðið eftirfarandi spurningar:
 1. Hvernig leið ykkur þegar þið fenguð kaldar móttökur í upphafi æfingar?
 2. Hvernig gekk að fylla út umsóknina?
 3. Gefur þessi æfing mynd af því hvernig umsækjendum um vernd getur liðið?
 4. Eru einhverjar spurningar sem vakna eftir að hafa tekið þátt í æfingunni?

ÝMSIR PUNKTAR

- ✓ Hægt er að nota æfinguna sem byrjun á stærra verkefni tengdu flóttafólki, móttöku þeirra og aðstæðum.
- ✓ Hægt er að breyta tungumálinu á umsóknareyðublöðunum eftir því sem hentar en mikilvægt er að velja tungumál sem nemendur þekkja lítið sem ekkert.

UMSÓKN UM VERND

SKREF 1

Ljósritið og dreifið eintökum af umsókn um vernd til nemenda.

Sığınma başvurusu

1. Adı	
2. Soyadı	
3. Doğum tarihi	
4. Doğduğu ülke ve şehir	
5. Ailenizden İzlanda'da yaşayan kimse var mı?	
6. Varsa, kim?	
7. Göçmenlik için belgeleriniz var mı?	
8. Hamile misiniz?	
9. Avukatınız var mı?	
10. Yanınızda para getirdiniz mi?	

Sığınma başvurusu

1. Adı	
2. Soyadı	
3. Doğum tarihi	
4. Doğduğu ülke ve şehir	
5. Ailenizden İzlanda'da yaşayan kimse var mı?	
6. Varsa, kim?	
7. Göçmenlik için belgeleriniz var mı?	
8. Hamile misiniz?	
9. Avukatınız var mı?	
10. Yanınızda para getirdiniz mi?	

Umsókn um alþjóðlega vernd

1. Nafn	
2. Eftirnafn	
3. Fæðingardagur	
4. Upprunaland og fæðingarstaður	
5. Áttu ættingja á Íslandi?	
6. Ef já, hvern?	
7. Ertu með skjöl sem sanna hver þú ert og hvaðan þú kemur?	
8. Ertu þunguð?	
9. Ertu með lögfræðing?	
10. Ertu með einhverja fjármuni meðferðis?	